

BORGARRÁÐ 13. mars 2025: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Viðreisnar um þjónustu við hjólabúa – MSS25030042

Fulltrúar Viðreisnar óskar eftir upplýsingum um hvernig nýr meirihluti sér fyrir sér að þjónusta hjólabúa sem íbúa í Reykjavík og óskar eftir svörum við eftirfarandi spurningum: Verður þróað skipulag í kringum staðsetningu hjólabúa sem tryggir íbúum lögheimili fyrir færanlegt heimili? Hvernig á að tryggja færanlegum heimilum fast lögheimili svo ekki verði skortur á þjónustu við nýja íbúa okkar? Svo sem skóla- og leikskólaþjónusta, barna- og fjölskylduþjónusta, stuðning heim ásamt heimahjúkrun, heimsendum mat, ferðaþjónustu fatlaðs og aldraðs fólks svo eitthvað sé nefnt. Verður jafnræðis gætt hvað varðar gjöld íbúa, s.s. vegna fasteigna, til borgarinnar svo sem lóða og gatnagerðargjöld ásamt fasteignagjöldum, eða verður hjólabýggðin skilgreind sem félagslegt niðurgreitt húsnæði? Munu gjöld vegna þjónusta við hjólabýggð, s.s. aðgangur að vatni, rafmagni, hreinlætisaðstöðu o.fl. standa undir fjárfestingu og rekstrarkostnaði eða verður þjónustan niðurgreidd? Hvaða reglur mun borgin setja varðandi hjólabýggð?

Greinargerð:

Allt það þjónustuumhverfi sem borgarbúar nýta í dag er miðað út frá lögheimili, á það við hvort sem er í skóla, leikskóla, heilsugæslu, þjónustumiðstöð eða hvern þann stuðning sem íbúi getur þurft að nota. Einnig greiðist útsvar eftir hvar lögheimili viðkomandi íbúa er staðsett. Lagalegt umhverfi stýrir þannig hvernig haldið er utan um flest þegar það kemur að þjónustu við borgarbúa.